

# Skýrsla

## samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslýsa árið 2007.

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008)

### Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996 í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Rannsóknarnefnd flugslysa tók þá við starfsemi flugslysarannsóknardeildar Flugmálastjórnar Íslands og starfsemi flugslysanefndar sem þá voru lagðar niður. Ný lög nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, tóku gildi 1. september 2004.

Rannsóknarnefnd flugslysa er stjórnáskýslunefnd sem heyrir stjórnáskýslulega undir samgönguráðherra en starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Nefndin lýtur forstöðu forstöðumanns sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og er hann ábyrgur fyrir rannsóknarverkefnum hennar og stjórnar daglegum rekstri hennar. Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn flugslysa, alvarlegra flugatvika og flugumferðaratvika samkvæmt framangreindum lögum og viðauka 13 við stofnsáttmála Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) sem Ísland er aðili að.

Flugslysarannsóknir miða að því að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi. Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa.

Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa er gerð grein fyrir orsök eða líklegri orsök flugslyssins auk þess sem þar eru, ef við á, gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum. Þá skal rannsóknarnefnd flugslysa gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt áðurnefndum lögum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að draga fram sök eða ábyrgð.

Nefndina skipa eftirtaldir: Hallgrímur A. Viktorsson flugstjóri og formaður nefndarinnar, Ólafur Haraldsson hæstaréttarlögmaður og Ragnar Guðmundsson, flugvélafræðingur.

Varamenn eru: Bryndís Lára Torfadóttir flugstjóri, Hörður Arilíusson flugumferðarstjóri og Páll Valdimarsson prófessor í vélaverkfræði.

Starfsmenn rannsóknarnefndar flugslysa eru: Þorkell Ágústsson verkfræðingur, forstöðumaður / rannsóknarstjóri, og Bragi Baldursson flugvélafræðingur, aðstoðarforstöðumaður / aðstoðarrannsóknarstjóri.

**Fjárheimildir og kostnaður.**

Fjárheimildir til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa voru á árinu 2007 samtals 40,2 millj. kr. Heildarkostnaður við starfsemina var 38,5 millj. kr. og því færirst 1,7 millj. kr. til ársins 2008.

**Yfirlit yfir skráð og rannsökuð mál árið 2007.**

Á árinu 2007 lauk rannsóknarnefnd flugslysa gerð rannsóknarskýrslu í sex málum sem ólokið var í upphafi ársins. Þá lauk nefndin 16 öðrum málum frá árinu 2004 til ársins 2007 með bókun.

Árið 2007 skráði rannsóknarnefnd flugslysa 554 frávik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis. Nefndinni bárust einnig um 200 flugumferðaratvik í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Rannsóknarnefndin skoðaði 54 þessara frávíka nánar og af þeim tók nefndin samtals 27 atvik, sem skilgreind voru sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik, til formlegrar meðferðar og rannsókna.

Í árslok átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka fjórum málum frá árinu 2004, þremur málum frá árinu 2005, þrjátíu málum frá árinu 2006 og tuttugu og fimm málum frá árinu 2007.

Ekkert banaslys varð í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu 2007.

Rannsóknarnefnd flugslysa átti samstarf við erlenda rannsakendur sem fyrr vegna rannsóknarverkefna sinna. Nokkur atvik hentu erlendar flugvélar hér á landi á árinu og jafnframt aðstoðaði nefndin og tók þátt í rannsóknum erlendra rannsakenda á atvikum er hentu flugvélar skráðar á Íslandi, erlendis.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals 7 tillögur til úrbóta í flugöryggismálum í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2007. Í nokkrum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var beint til flugrekenda og Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 10. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, er þeim sem tillögum er beint til skylt að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra tilmæla í öryggisátt og hrinda þeim í framkvæmd ef við á.



